

# EFTIR ÞINN DAG

Erfðagjafir sem stuðningur  
við góðgerðarmál



Að ráðstafa erfðafé til góðgerðar- og mannúðarsamtaka að lífshlaupi loknu er valkostur sem er í boði fyrir okkur öll. Þú getur arfleitt félagasamtök og sjálfseignarstofnanir sem starfa að almannaheillum að hluta eða öllum eignum þínum í þágu málefnis sem þér er kært og þannig haft áhrif til framtíðar.

Samkvæmt lögum er þér heimilt að ráðstafa þriðjungi eigna þinna með erfðaskrá þegar skylduerfingjar eru til staðar. Séu skylduerfingjar ekki til staðar er þér frjálst að ráðstafa öllu fé þínu eins og þú kýst en til þess að tryggja að arfur berist þangað sem þú vilt þarft þú að gera erfðaskrá.

## HUGTÖK TIL SKÝRINGAR:

Arfleifandi er sá sem lætur eftir sig eignir sem erfast eftir andlát hans.

Skylduerfingjar eru maki og börn arfleifanda. Þegar arfleifandi á skylduerfingja á lífi er honum einungis heimilt að ráðstafa þriðjungi eigna sinna til annarra með erfðaskrá.

Lögerfingjar eru skylduerfingjar en þegar arfleifandi lætur ekki eftir sig maka eða börn eru það önnur skyldmenni.

Þegar hvorki skylduerfingjar né lögerfingjar eru til staðar og ef ekki hefur verið gerð erfðaskrá rennur arfur í ríkissjóð.



## ERFÐASKRÁ

Erfðaskrá er yfirlýsing arfleifanda um hvernig eigi að ráðstafa eignum hans að honum látnum. Til að tryggja lögmæti hennar er gott að leita til fagaðila. Erfðaskráin þarf að uppfylla ákveðin formskilyrði til að teljast gild:

- Vera dagsett og skýrt orðuð þannig að það sé þeim ljóst sem les hver vilji arfleifanda hafi verið við gerð hennar.
- Vera vottuð af tveimur vitundarvottum.

Unnt er að breyta og/eða afturkalla erfðaskrá hvenær sem er svo lengi sem arfleifandi er svo heill heilsu andlega að hann sé hæfur til að gera erfðaskrá.

## ÞÚ GETUR HAFT ÁHRIF TIL GÓÐS

- Arfleiða má félagasamtök eða sjálfseignarstofnanir sem starfa að almannaheillum að þriðjungi eigna sinna þegar arfleifandi á maka eða börn eða að öllum eignum þegar skylduerfingjar eru ekki til staðar.
- Arfur til slíkra félaga er undanþeginn erfðafjárskatti.
- Nauðsynlegt er að gera erfðaskrá til að tryggja að arfur berist þangað sem arfleifandi óskar.
- Erfðaskrá má gera hvenær sem er og breyta að vild. Best er þó að gera erfðaskrá fyrr en seinna.
- Gott er að varðveita erfðaskrá á tryggum stað, svo sem í bankahólfri eða hjá einhverjum sem treyst er fyrir því að varðveita hana þar til hennar verður þörf.

Útgefið í Reykjavík í janúar 2017. Að útgáfunni standa Almannaheill, samtök þriðja geirans og samstarfshópur Íslenskra mannúðarsamtaka í alþjóðlegu hjálparstarfi og þróunarsamvinnu.